

Ársskýrsla Keilusambands Íslands

2024-2025




32. þing KLÍ
24. maí 2025

Ársskýrsla Keilusambands Íslands

2043-2025



32. þing KLÍ
24. maí 2025



DAGSKRÁ 32. ÞINGS KLÍ

laugardaginn 24. maí 2025

Í húsnæði Þorpsins að að Þjóðbraut 13, 300 Akranesi

Dagskrá:

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laganefnd.
 - d) Allsherjarnefnd.
 - e) Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
 - 10 Önnur mál.
 - 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
 - 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
 - 13 Þingslit.
-

SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 26. maí 2024 – 24. maí 2025

32. ársþing KLÍ haldið af ÍA í húsnæði þorpsins að Þjóðbraut 13, 2 hæð, 300 Akranesi

STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Jóna Guðrún Kristinsdóttir
<i>Varaformaður</i>	Skúli Freyr Sigurðsson
<i>Gjaldkeri</i>	Gunnar Þór Ásgeirsson
<i>Ritari</i>	Helga Hákonardóttir
<i>Meðstjórnandi</i>	Valdimar Guðmundsson
<i>Varamenn:</i>	Katrín Fjóra Brafadóttir
	Böðvar Már Böðvarsson
	Nanna Hólm Davíðsdóttir

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Andri Freyr Jónsson
Einar Már Björnsson

Til vara: Pétur Helgason
Hjalti Ástbjartsson

NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Aganefnd	Stjórn KLÍ	Kerfisstjóri	Þórhallur Hálfðánarsson
Mótanefnd	Srifstofa KLÍ	Unglinganefnd	Stjórn KLÍ
Tækninefnd	Hafþór Harðarson Skúli Freyr Sigurðsson	Upplýsinganefnd	Svavar Þór Einarsson
		Landsliðsnefnd:	

Framkvæmda- og íþróttastjóri KLÍ:
Þórarinn Már Þorbjörnsson



32. ársþing Keilusambands Íslands
24. maí 2025 – Akranesi

Þingforseti, kæru félagar.

Ég vil byrja á að þakka Keilufélagi Akraness fyrir að hýsa þingið í ár.

Nú er mitt þriðja ár sem formaður Keilusambands Íslands að líða undir lok og hefur það verið jafn fjörugt og fjölbreytt og fyrri ár. Áður en ég fer yfir áskoranir og árangur ársins vil ég byrja á að tilkynna ykkur að ég hef ákveðið að stíga frá borði, ákvörðun sem var ekki auðveld þar sem ég brenn fyrir þau baráttumál sem unnið hefur verið að síðastliðin ár. Ég tek þessa ákvörðun með hagsmuni sambandsins og íþróttarinnar í huga þar sem við fjölskyldan erum að flytja úr landi og tel ég ekki forsvaranlegt að formaður sambandsins sé svo langt frá starfseminni og hafi ekki tök á að hafa góða yfirsýn yfir það sem fram fer. Ég bind vonir við það að hér leynist kraftmikil og öflug manneskja sem er tilbúin að gefa sína krafta í þágu íþróttarinnar og halda áfram að leiða starfsemina til betri vegar.

Þar sem við erum nú stödd á Akranesi er ekki úr vegi að byrja á að hrósa þeim fyrir hversu hart hefur verið barist fyrir viðgerðum og bættri aðstöðu hér. Á síðasta þingi fjallaði ég um lokun salarins hér vegna framkvæmda sem brýnt var að ráðast í, það er ánægjulegt hversu hratt og vel gekk að koma salnum aftur í starfsemi enda hefur salurinn verið íþróttinni mikilvægur meðal annars til afreksæfinga. Fleiri ánægjulegar fregnir berast einnig af Akranesi þar sem ötullega hefur verið barist fyrir stækkun sem nú virðist vera komin í góðan farveg og undirbúningur kominn af stað við að fjölga brautum sem verður mjög mikilvægt framfaraskref fyrir keiluíþróttina á Íslandi, ég vil því hér með hrósa Keilufélagi Akraness fyrir sína frábæru baráttu fyrir bættir aðstöðu og vel unnin störf í þágu íþróttarinnar.

Baráttan um aðstöðumálin í borginni hefur ekki gengið eins vel en þrátt fyrir að sambandið og félögin í borginni hafi þrýst verulega á samtal hefur verið fátt um svör. Einhverjar hreyfingar hafa verið og um ýmsar staðsetningar rætt en lítið þokast í að við fáum einhver svör svo af fenginni reynslu erum við hóflega bjartsýn. Á nýafstöðnu íþróttapiingi ÍSÍ fékk undirrituð því einfaldlega nóg af því að hlusta á forystu íþróttahreyfingarinnar fjalla sérstaklega um það að áfengissala á íþróttakappleikjum samræmdist enganvegin forvarnar- og lýðheilsustefnu borgarinnar og íþróttahreyfingarinnar og kvað sér orðs á þinginu til að benda á aðbúnað barna og ungmenna við keiluiðkun enda snerist umræðan fyrst og fremst um að ótækt væri að börn væru útsett fyrir slíkri neyslu meðan þau horfa á íþróttaviðburði. Úr varð að við fengum áheyrn fjölmiðla og hef ég þegar



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

sent erindi á formann menningar- og íþróttaráðs Reykjavíkurborgar sem sagði einmitt þetta svo skýrt í sjónvarpsviðtali ásamt því að óska eftir fundi með nýjum forseta ÍSÍ til að fylgja málinu eftir og vonandi ná að skapa enn meiri þrýsting á úrbætur. Fjármagnið sem okkur er úthlutað í borginni hefur einnig haldið áfram að setja okkur skorður og því hefur sambandið komið meira inn í mótahald til að tryggja að okkar stærstu mót geti farið fram.

Aðstöðuleysið á Akureyri hefur einnig haft neikvæð áhrif á þátttöku þeirra iðkenda og liða sem þar gera allt sem þau geta til að vera virkir þátttakendur, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir af hálfu sambandsins virðist áhugi norðlendinga lítill á aðkoma upp aðstöðu fyrir þessa iðkendur.

Annað stórt mál á árinu var sú ákvörðun að enda samstarf við nýlega ráðinn yfirþjálfara af ýmsum ástæðum, meðal annars því að hans vnnubrögð samræmdust ekki því sem rætt var í ráðningarviðtali og fram kom í tengslum við hans ráðningu ásamt fleri þáttum. Ákveðið var að Skúli tæki við keflinu tímabundið þar sem hann hafði verið Mark innan handar við öll mál og unnið náið með honum, þetta er þó einungis í gildi fram yfir ECC í október og því tímabært að fara að huga að því hvað tekur við í framhaldinu og hvaða umgjörð við viljum skapa um landsliðin okkar.

Formaður og framkvæmdastjóri hafa unnið með samskiptaráðgjöfum ÍSÍ vegna máls sem upp kom á síðastliðnu ári í ungmennahópnum og hefur það gengið vel, þessu máli er ekki lokið og munum við fylgja því eftir. Stjórn hefur þó unnið að breytingum þegar kemur að agamálum í kjölfar þessa máls og komið upp breyttum ramma þegar kemur að afleiðingum agabrota, þessi breyting hefur strax skilað árangri og sjáum við þónokkurn mun á hegðun í keppnisferðum.

Við höfum einnig unnið mikið með hugarþjálfun afreksfólksins okkar og hafa fjölmargir iðkendur, sérstaklega úr hópi yngri iðkenda, sótt tíma með hugarþjálfara til að vinna með hugarfar og sjálfstraust tengt keiluiðkun með mjög góðum árangri, eitthvað sem við þurfum að vinna markvisst með áfram.

Árlegu Reykjavíkurleikarnir voru haldnir í byrjun febrúar og var ákveðið að halda uppteknum hætti og hafa mótið evróputúrstopp. Mótið gekk heilt yfir mjög vel, smá tæknivandræði í upphafi en það var leyst hratt og vel. Það sem liggur helst fyrir að skoða fyrir næsta mót er fyrst og fremst þátttaka sjálfboðaliða, það er gríðarlega mikil vinna að halda mót af þessari stærðargráðu og það verður að segjast að í ár lenti mikil vinna á fáum höndum, við þurfum að finna leiðir til að bæta þetta og skapa hvata fyrir til dæmis foreldra og aðra aðstandendur til þátttöku.

Nýjung var einnig á dagskránni þetta árið þegar sett var upp mót í samstarfi við Stöð 2 sem fékk nafnið Úrvalsdeildin, þetta mót var fyrst og fremst hugsað til að gefa okkar fremsta fólki skemmtilegt og spennandi mót ásamt því að auka áhuga og sýnileika íþróttarinnar. Þetta mót



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

heppnaðist ótrúlega vel og úr varð stórskemmtilegt sjónvarpsefni þar sem áhorfendur náðu aðeins að skyggjast betur inn í hugarheim keilara sem allir báru hljóðnema á meðan á keppni stóð, við vonum að þetta mót sé komið til að vera og er það árangur annarra móta sem veitir fólki þáttökurétt.

Til viðbótar því sem átt hefur sér stað hérna heima hafa verkefni á erlendri grundu verið þónokkur, sérstaklega hjá ungmennum og öldungum. Tveir af fjórum spiluðu sig inn í úrslit á heimsleikum ungmenna í Suður Kóreu síðastliðið sumar ásamt því að ungmennin og öldungarnir áttu frábær mót á Triple Crown á tímabilinu og rökuðu inn verðlaunum. Kvennaliðinu gekk ekki eins vel á evrópumótinu þar sem þær spiluðu við krefjandi aðstæður og sama má segja um ungmennin sem tóku þátt í evrópumóti síðastliðna páska en heilt yfir frábær árangur hjá okkar fólki. Arnar Davíð hefur einnig verið mjög virkur þátttakandi á PBA þetta árið og gerði sér lítið fyrir og sigraði PBA Sweden Scorpion Eskilstuna Open í æsisþennandi úrslitaleik, algjörlega frábær árangur.

Landsliðshópur karla á hrós skilið fyrir stórkostlega árshátíð sambandsins þar sem þeir stóðu fyrir glæsilegum viðburði sem fjáröflunarverkefni fyrir evrópumótið í sumar. Framundan eru fjölmörg verkefni hjá öllum aldurshópum og það verður gaman að fylgjast með íslenskri keilu þróast áfram.

Takk fyrir frábær ár, þau hafa vissulega verið krefjandi en sömuleiðis gefið mér mjög dýrmæta reynslu og fullt af nýjum og frábærum vinatengslum sem mér þykir ansi vænt um. Þetta hlutverk hefur fært mig svo um munar út fyrir þægindaramman og nú er komið að stórum kaflaskilum þar sem öll fjölskyldan hefur skráð sig í Danskt keilufélag og hefja í lok sumars markvissar æfingar. Stefni á að hitta ykkur á brautunum á komandi árum og endilega hafið samband og kíkjið í kaffi ef þið eigið leið til Odense í Danmörku, við munum klárlega mæta og styðja kvennaliðið sem mætir til keppni í okkar heimabæ á næsta ári, takk fyrir mig.

Jóna Guðrún Kristinsdóttir

Formaður Keilusambands Íslands



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá sex félögum frá þremur héraðssamböndum. Keppendum fækkaði síðastliðið almanaksár um 15. Það er von okkar að með bættri æfinga og keppnis aðstöðu verði hægt að auka útbreiðslu Keiluíþróttarinnar. Vonandi tekst aftur að koma upp aðstöðu til æfinga og keppni á Akureyri. Það er áhyggjuefni að iðkendum í keilu heur fækkað á síðustu 9 árum um 110 eða um 30%. Þó örlar fyrir viðsnúningi efti að COVID tímabilinu lauk og hefur fjölgunin verið mest í ungmennastarfinu. Fölgun var í liðakeppni milli ára um 4 lið, en 48 lið tók þátt. Tölur KLÍ og félöganna gefa e.t.v. ekki alveg rétta mynd af fjölda iðkenda.

Tafla 1, Keilufélög og deildir,
fjöldi keppenda frá árinu 2018 skv. KLÍ

Félag / Keiludeild	Íþr. Bandalag	Stofnað	Keppendur 2018	Keppendur 2019	Keppendur 2020	Keppendur 2021	Keppendur 2022	Keppendur 2023	Keppendur 2024
Samtals			250	251	219	213	259	268	253
KFR	ÍBR	10.09.1985	61	54	48	45	59	49	43
KR	ÍBR	27.06.1990	7	4	4	3	8	9	4
ÍR	ÍBR	31.08.1994	119	126	106	112	127	137	137
KDK	ÍBR	28.08.2009							
Fylkir	ÍBR	1994							
ÍFH	ÍBR	1994							
KSÁÁ	ÍBR	1997							
HK	UMSK	1994							
KGB	UMSK	25.05.1989							
Keflavík	ÍRB	1995							
KFK	UMSK	01.02.2004							
KFA	ÍA	31.08.1997	40	34	33	29	35	35	40
Þór	IBA	2011	23	19	11	9	10	9	10
Ösp	ÍBR			14	17	15	20	29	19

Skipting milli aldurs og kynja árið 2024

	2024				2023	2022	2021	2020	2019
	Karlar	Konur	Samtals		Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals
Undir 18	33	17	50	19%	46	50	32	36	49
18-50	95	31	126	48%	135	122	107	109	123
50 og yfir	57	29	86	33%	87	87	74	74	79
Samtals	185	77	262		268	259	213	219	251
	71%	29%							

Kynjahlutfallið er svipað á milli ára en þó hefur konum aðeins fækkað fara úr 34% árið 2022 í 29% árið 2024. Heildar fækkun iðkenda á árinu 2024 eru 6 iðkendur og eru flestir þeirra konur (7) á aldrinum 18-50 ára.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í tveimur keilusölum í vetur:

- *Keiluhöllinni í Egilshöll, 22 brautir.*
- *Keilusalnum Akranesi, 3 brautir.*

VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Stjórn Keilusambandsins hefur valið þau Hafdís Pálu Jónasdóttur úr KFR og Gunnar Þór Ásgeirsson úr ÍR keilara ársins 2024.

Hafdís Pála Jónasdóttir KFR

Hafdís Pála hefur átt einstaklega gott ár sem keilari. Á árinu varð hún Íslandsmeistari einstaklinga og lék sem slíkur á Evrópumóti landsmeistar sem fram fór í Bratislava í október. Hún varð einnig Íslandsmeistari í tvímenningi ásamt Hafþóri Harðarsyni. Hún varð Íslandsmeistari og Bikarmeistari með liði sínu KFR-Valkyrjum. Um ára bil hefur Hafdís Pála verið góð fyrirmynd ungra og efnilegra keilara.

Gunnar Þór Ásgeirsson ÍR

Gunnar Þór hefur leikið einstlega vel á árinu 2024. Hann varð í 2. Sæti á RIG2024, Íslandsmeistari einstaklinga 2024, Íslands og bikarmeistari með liði sínu ÍR-PLS. Sem Íslandsmeistari tók hann þátt í Evrópubikar landsmeistara fyrir hond Íslands og endaði þar í 17. Sæti. Gunnar byrjaði nokkuð seint að iðka keilu en hefur náð aðdáunarverðum árangri í greininni. Gunnar Þór hefur verið góð fyrirmynd ungra og efnilegra keilara.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili kepptu 224 (55 konur og 169 karlar) keilarar í deildarkeppninni í samtals 48 liðum. Þetta er fjölgun um fjögur lið á milli ára. Alls voru 20 konur sem léku á venslasamningum og 20 karlar. Fjöldi þeirra sem tóku þátt í mótahaldi KLÍ á tímabilinu voru alls 252 keppendur (185 karlar og 67 konur).

Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Meistarakeppni KLÍ í september
- Íslandsmót 3ra manna liða í september til maí
- Íslandsmót í tvímenningi deildarliða í október til apríl
- Íslandsmót para í nóvember
- Íslandsmót í tvímenning í október
- Íslandsmót einstaklinga með forgjöf í mars
- Íslandsmót einstaklinga í febrúar
- Bikarkeppni liða í nóvember til maí
- Meistarakeppni ungmenna í október til apríl
- Íslandsmót unginglinga í febrúar
- Íslandsmót unginglingaliða í október til apríl
- Íslandsmót Öldunga (50+) í mars – apríl

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 2024

1. sæti Ísak Birkir Sævarsson og Mikael Aron Vilhelmsson
2. sæti Ásgeir Karl Gústafsson og Gunnar Þór Ásgeirsson
3. sæti Andri Freyr Jónsson og Skúli Freyr Sigurðsson

MEISTARAKEPPNI KLÍ

<i>Karlar:</i>	1. sæti	ÍR-PLS	<i>Konur:</i>	1. sæti	KFR-Valkyrjur
	2. sæti	KFR-Lærlingar		2. sæti	ÍR-TT

ÍSLANDSMÓT PARA 2024

1. sæti Hafþór Harðarson og Hafdís Pára Jónasdóttir
2. sæti Gunnar Þór Ásgeirsson og Linda Hrönn Magnúsdóttir
3. sæti Tristan Máni Nínuson og Katrín Fjóla Bragadóttir



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

BIKARKEPPNI LIÐA 2024 – 2025

Alls voru 24 karla lið og 10 kvennalið skráð til leiks

Karlar: 1. sæti ÍR-KLS
2. sæti ÍR-PLS

Konur: 1. sæti ÍR-TT
2. sæti KFR-Afturgöngurnar

ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA 2024-2025

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 2024-2025 og frá árinu 2021. Alls fjölgaði um 4 keppnislið á milli ára, en 48 lið tóku þátt í deildarkeppninni tímabilið 2024-2025.

Félög	1. deild kvenna	2. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	3. deild karla	Samtals '24 - '25	Samtals '23 - '24	Samtals '22 - '23	Samtals '21 - '22
KFR	2	1	4	-	1	8	8	9	9
KGB	-	-	-	-	-				
KR	-	-	1	-	-	1	2	2	1
HK	-	-	-	-	-				
ÍR	3	4	4	9	6	26	23	21	20
Þór	-	-	1	1	-	2	2	2	2
KFA	1	-	2	2	2	7	5	5	5
KFK	-	-	-	-	-				
KDK	-	-	-	-	-				
ÍFH	-	-	-	-	-				
Ösp	-	1	-	-	3	4	4	4	3
Samtals	6	6	12	12	12	48	44	43	40

Alls tóku þátt í deildar keppninni veturinn 2024-2025

Konur 55 alls voru 12 lið í deildarkeppni kvenna og því 4,583 konur pr. Lið.

Karlar 169 alls voru 36 lið í deildarkeppni karla og því 4,694 karlar pr. Lið.

Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

1. deild kvenna: 1. sæti ÍR-TT
2. sæti KFR-Valkyrjur
3. sæti ÍR-BK

Íslandsmeistarar liða 2025

Deildarmeistarar 1. deildar: KFR – Valkyrjur

Úr 1. deild féll ÍA-Meyjur (6. sæti) og Lið KFR- Afturgöngurnar (5. Sæti) féll úr deildinni eftir umspil við ÍR-Píurnar úr 2. deild.

Hæsti leikur: Linda hrönn Magnúsdóttir (ÍR-TT) 256
Hæsta sería: Nanna Hólm Davíðsdóttir (ÍR-TT) 669



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Hæsta meðaltal:	Hafðís Pála Jónasdóttir (KFR-Valkyrjur)	187,00
Felludrottning:	Hafðís Pála Jónasdóttir (KFR-Valkyrjur)	4,59
Stigameistari:	Hafðís Pála Jónasdóttir (KFR-Valkyrjur)	0,86
Mestu framfarir:	Laufey Sigurðardóttir (ÍR-BK)	
Stjörnuskjöldur:	ÍR-TT	261
Hæsti leikur liðs:	ÍR-TT	654
Hæsta sería liðs:	ÍR-TT	1.783
Hæsta meðaltal liðs:	KFR Valkyrjur	179,86

2. deild kvenna:

Hæsti leikur:	Hannah Corella Rosento (ÍR-Píurnar)	242
Hæsta sería:	Alexandra Kristjánsdóttir (ÍR-VÁ)	591
Hæsta meðaltal:	Alexandra Kristjánsdóttir (ÍR-VÁ)	172,55
Felludrottning:	Alexandra Kristjánsdóttir (ÍR-VÁ)	3,61
Stigameistari:	Alexandra Kristjánsdóttir (ÍR-VÁ)	0,88
Mestu framfarir:	Alexandra Erla Guðjónsdóttir (ÍR-Píurnar)	
Stjörnuskjöldur:	ÍR-VÁ	166 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	ÍR-Píurnar	604
Hæsta sería liðs:	ÍR-N	1591
Hæsta meðaltal liðs:	ÍR-VÁ	161,78

3. Sæti:	ÍR-N
2. Sæti:	ÍR-Píurnar
Meistarar:	ÍR-VÁ

1. deild karla:	1. sæti ÍR-PLS	Íslandmeistarar liða 2025
	2. sæti KFR-Stormsveitin	
	3. sæti KFR-Lærlingar	
	3. sæti ÍR-L	

Deildarmeistarar 1. deildar: KFR-Stormsveitin

Úr 1. deild féllu ÍA-C (10. sæti) og Lið ÞÓR (9. sæti)

Hæsti leikur:	Svavar Steinn Guðjónsson (KFR-Þróstur)	300
Hæsta sería:	Gunnar Þór Ásgeirsson (ÍR-PLS)	838
Hæsta meðaltal:	Gunnar Þór Ásgeirsson (ÍR-PLS)	228,27



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Fellukóngur: Gunnar Þór Ásgeirsson (ÍR-PLS) 7,43
Stigameistari: Mikael Aron Vilhelmsson (KFR-Stormsveitin) 0,79

Mestu framfarir: Evan Julburom (KFR-Þróstur)

Stjörnuskjöldur: ÍR-PLS 439
Hæsti leikur liðs: ÍR-PLS 763
Hæsta sería liðs: ÍR-PLS 2170
Hæsta meðaltal liðs: ÍR-PLS 219,41

2. deild karla: 1. sæti **ÍR-Krókar** **Deildarmeistarar 2. Deildar 2025**
2. sæti ÍR-Land
3. sæti ÍR-Broskarlar

Úr 2. deild féllu ÍR-T (10. sæti) og ÍR-NAS (9. sæti).

Hæsti leikur: Matthías Leó Sigurðsson (ÍA-B) 279
Hæsta sería: Jón Kristinn Sigurðsson (ÍR-Krókar) 732
Hæsta meðaltal: Jón Kristinn Sigurðsson (ÍR-Krókar) 204,19
Fellukóngur: Jón Kristinn Sigurðsson (ÍR-Krókar) 6,09
Stigameistari: Jón Kristinn Sigurðsson (ÍR-Krókar) 0,88

Mestu framfarir: Viktor Snær Guðmundsson (ÍR-Land)

Stjörnuskjöldur: ÍR-Land 294
Hæsti leikur liðs: ÍR-Krókar 679
Hæsta sería liðs: ÍR-Krókar 1.920
Hæsta meðaltal liðs: ÍR-Krókar 183,02

3. deild karla: 1. sæti **ÍR – Öðlingar** **Deildarmeistarar 3. Deildar 2025**
2. sæti KFR-LB
3. sæti ÍR-Splitturnar þrjár

Hæsti leikur: Mikael Aron Vilhelmsson (KFR-LB) 290
Hæsta sería: Mikael Aron Vilhelmsson (KFR-LB) 755
Hæsta meðaltal: Skúli Freyr Sigurðsson (KFR-LB) 215,28
Fellukóngur: Skúli Freyr Sigurðsson (KFR-LB) 6,83
Stigameistari: Skúli Freyr Sigurðsson (KFR-LB) 0,97

Mestu framfarir: Pálmi Sigurðsson (ÍR-Gaurar)

Stjörnuskjöldur: ÍR-Öðlingar 301
Hæsti leikur liðs: KFR-LB 728



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Hæsta sería liðs: KFR-LB
Hæsta meðaltal liðs: ÍR-Öðlingar

2028
183,52

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA MEÐ FORGJÖF

Íslandsmóti einstaklinga í keilu með forgjöf fór fram dagana 18. til 21. janúar 2025. Keppt var í Íslandsmótinu með forgjöf. Alls tóku 55 þátt í mótinu, en fjölgun varð í mótinu þetta árið um 1 manns á milli ára. Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Opinn flokkur með forgjöf:

1. sæti Mikel Aron Vilhelmsson, KFR - Íslandsmeistari með forgjöf 2025
2. sæti Adam Pawel Blaszcak ÍR
3. sæti Hinrik Óli Gunnarsson, ÍR

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk 21. mars 2023. Keppt var í karla og kvennaflokki. Alls tóku 58 einstaklingar þátt í mótinu 34 í karlaflokki og 24 í kvennaflokki og er það 8 keppendum fleiri en þegar síðast mótið var haldið. Íslandsmeistararnir unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem mun fara fram í Vín, Austurríki dagana 20. – 26. Okt. n.k. Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Kvennaflokkur án forgjafar:

1. sæti Olivia Clara Steinunn Lindén, ÍR – Íslandsmeistari kvenna 2025
2. sæti Katrín Fjóra Bragadóttir, KFR
3. sæti Linda Hrönn Magnúsdóttir, ÍR

Karlaflokkur án forgjafar:

1. sæti Mikel Aron Vilhelmsson KFR - Íslandsmeistari karla 2025
2. sæti Ísak Birkir Sævarsson, ÍA
3. sæti Gunnar Þór Ásgeirsson, ÍR

Verðlaunadreifing á milli félaga í öllum Íslandsmótum einstaklinga (Íslandsmót einstaklinga, Íslandsmót einstaklinga með forgjöf, Íslandsmót Öldunga og Íslandsmót unglinga, opin flokkur) varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samt. '25	Samt. '24	Samt. '23	Samt. '22	Samt. '21
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	4	2	2	8	9	11	6	6
ÍR – Keiludeild ÍR	2	4	5	11	11	9	15	4
ÍFH – Íþróttafélag Heyrnarlausra	-	-	-				-	-
KR – Keiludeild KR	1	-	-	1	-	2	-	-
KFA – Keilufélag Akraness	-	1	-	1	4	2	3	2
KDK – Keiludeild Kjalarness	-	-	-	-	-		-	-
ÞÓR – Keiludeild Þórs	-	-	-	-	-		-	-
Samtals	7	7	7	21	24	24	24	12



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT ÖLDUNGA

Íslandsmóti Öldunga í keilu lauk 2. mars 2025. Keppt var í karla og kvenna flokki. Þátt tóku í mótinu 18 karlar og 14 konur sem er 6 körlum og 5 konum fleiri en á síðasta ári.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Konur

1. sæti Halldóra Íris Ingvarsdóttir, ÍR – Íslandsmeistari Öldunga 2025
2. sæti Guðný Gunnarsdóttir, ÍR
3. sæti Linda Hrönn Magnúsdóttir, ÍR

Karlar

1. sæti Þorleifur Jón Hreiðarsson, KR – Íslandsmeistari Öldunga 2025
2. sæti Þórarinn Már Þorbjörnsson, ÍR
3. sæti Freyr Bragason, KFR

ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2025

Íslandsmóti unglunga í keilu lauk með úrslitum sunnudaginn 30. mars 2025.

Alls kepptu 35 börn og unglingar í fimm flokkum pílta og stúlkna, en fjölgun varð um 3 börn á milli ára. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Dr. '25	St. '25	Samtal s '25	Samtal s '24	Dr. '23	St. '23	Samtal s '23	Dr. '22	St. '22	Samtals '22	Samtals '21
KFR	7	4	11	13	7	4	11	6	4	10	9
KFA	8	1	9	8	7	3	10	5	3	8	9
ÍR	10	4	14	11	8	6	14	6	5	11	12
KR											
Þór											
Ösp	1				3		3				
Samtals	26	9	35	32	25	13	38	17	12	29	30

Keppendur í 1. og 2. flokki léku 12 leiki í forkeppni en keppendur í 3., 4. og 5. flokki léku 8 leiki. Keppt var í opnum flokki unglunga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglunga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull 25	Silfur 25	Brons 25	Samt. 25	Samt. 24	Gull 23	Silfur 23	Brons 23	Samt. 23	Samt. 22	Samt. 21	Samt. 20	Samt. 19
KFR	5	5	2	12	13	4	5	4	13	8	8	6	6
KFA	3	1	1	5	6	2	1	2	5	6	6	7	6
ÍR	1	2	3	6	6	4	1	1	6	10	9	10	14
Þór													2
Ösp						1	1	1	3				
Samtals	9	8	6	23	25	9	9	6	24	24	23	23	28



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Úrslit voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.

Opinn flokkur – PILTAR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Mikael Aron Vilhelmsson	KFR
Ásgeir Karl Gústafsson	KFR
Þorgils Lárus Davíðsson	KFR

Opinn flokkur – STÚLKUR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Alexandra Erla Guðjónsdóttir	KFR
Særós Erla Jóhannudóttir	KFR
Hannah Corella Rosento	ÍR

PILTAR:

1. fl.	Mikael Aron Vilhelmsson	KFR
	Ásgeir Karl Gústafsson	KFR
	Tómas Freyr Garðarsson	ÍA
2. fl.	Þorgils Lárus Davíðsson	KFR
	Svavar Steinn Guðjónsson	KFR
	Viktor Snær Guðmundsson	ÍR
3. fl.	Andri Viðar Arnarsson	ÍA
	Haukur Leó Ólafsson	ÍA
4. fl.	Baltasar Loki Arnarsson	ÍA
	Ásdór Þór Gunnarsson	KFR
	Davíð Júlíus Gigja	ÍR

STÚLKUR:

1. fl.	Nína Rut Magnúsdóttir	ÍA
2. fl.	Særós Erla Jóhannudóttir	KFR
	Dagbjört Freyja Gigja	ÍR
3. fl.	Bára Líf Gunnarsdóttir	ÍR
	Hannah Corella Rosento	ÍR
	Alexandra Erla Guðjónsdóttir	KFR
4. fl.	Andrea Nótt Goethe	KFR

MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 2024-2025

Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 4 umferðir og voru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt voru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lenti. Leikmaður safnaði stigum og eftir allar umferðirnar kom í ljós hver varð „Meistari ungmenna“ í hverjum flokki. Ekki voru veitt verðlaun yfir allt árið nema keppandi hafi keppt í meira en helming umferða. Í vetur kepptu 42 piltar og 14 stúlkur eða alls 56 börn og unglingar í mótinu. Þetta er fækkun frá fyrra ári eða 3 ungmenni.

1. fl. pilta (2004-2006)

1.sæti	Aron Hafþórsson	KFR	36
2.sæti	Hinrik Óli Gunnarsson	ÍR	32
3.sæti	Þjarki Valur Ström	KFR	24

2. fl. pilta (2007-2009)

1.sæti	Ásgeir Karl Gústafsson	KFR	35
2.sæti	Mikael Aron Vilhelmsson	KFR	30
3.sæti	Tómas Freyr Garðarsson	ÍA	28

1. fl. stúlkna (2004-2006)

1. sæti	Viktória Hrunn Klörudóttir	KFR	36
2. sæti			
3. sæti			

2. fl. stúlkna (2007-2009)

1. sæti	Nína Rut Magnúsdóttir	ÍA	36
2. Sæti			
3. sæti			



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

3. fl. piltar (2010-2012)

1. sæti	Evan Julburom	KFR	32
2. sæti	Þorgils Lárus Davíðsson	KFR	31
3. sæti	Svavar Steinn Guðjónsson	KFR	28

3. fl. stúlkna (2010-2012)

1. sæti	Særós Erla Jóhönnudóttir	KFR	36
2. sæti	Bára Líf Gunnarsdóttir	ÍR	29
3. sæti	Alexandra Erla Guðjónsdóttir	KFR	28

4. fl. piltar (2013-2015)

1. sæti	Baltasar Loki Arnarsson	ÍA	32
2. sæti	Ásdór Þór Gunnarsson	KFR	30
3. sæti	Davíð Þór Birgisson	ÍA	29

4. fl. stúlkna (2013-2015)

1. sæti	Andrea Nótt Goethe	KFR	36
2. sæti			
3. sæti			

Afreksstarf KLÍ 2024-2025

Evrópumót kvenna liða (EWC2024) í Wittelsheim, Frakklandi dagana 5.06. – 16.06.2024

Lið Íslands skipuðu þær:

Ágústa Kristín Jónsdóttir

Hafðís Pála Jónasdóttir

Katrín Fjóra Bragadóttir

Linda Hrönn Magúsdóttir

Margrét Björg Jónsdóttir

Nanna Hólm Davíðsdóttir

Árangur var eftirfarandi: Alls 108 keppendur

Enstaklingar:	Hafðís Pála Jónasdóttir	53. Sæti
	Nanna Hólm Davíðsdóttir	66. Sæti
	Linda Hrönn Magúsdóttir	85. Sæti
	Ágústa Kristín Jónsdóttir	94. Sæti
	Katrín Fjóra Bragadóttir	100. Sæti
	Margrét Björg Jónsdóttir	104. Sæti



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Tvímenningsur: Alls 52 tvímenningsur

Ísland 2	Ágústa – Linda	37. Sæti
Ísland 3	Hafðís - Nanna	48. Sæti
Ísland 1	Margrét – Katrín	49. Sæti

Premmenneingar: Alls 33 tríó

Ísland 2	Margrét – Nanna – Katrín	29. Sæti
Ísland 1	Hafðís – Linda – Ágústa	30. Sæti

Liða keppni: Alls 14 lið.

Ísland	Linda – Katrín – Ágústa – Hafðís – Nanna/Margrét	14. Sæti
--------	--	----------

All event:

Linda Hrönn Magnúsdóttir	83. Sæti
Ágústa Kristín Jónsdóttir	85. Sæti
Hafðís Pála Jónasdóttir	87. Sæti
Nanna Hólm Davíðsdóttir	94. Sæti
Katrín Fjóla Bragadóttir	96. Sæti
Margrét Björg Jónsdóttir	102. Sæti

Þetta mót var úrtökumót fyrir HM og komast 12 bestu Evrópuþjóðirnar á HM. Ísland lenti í 19. Sæti af 23 þjóðum sem tóku þátt.

Results for Iceland

Singles

Name	G1	G2	G3	G4	G5	G6	Total	AVG
Hafdis Pala Jonasdottir	189	161	177	207	194	202	1130	188,3
Nanna Holm Davidsdottir	182	214	174	189	177	156	1092	182
Linda Hronn Magnusdottir	193	149	247	150	150	151	1040	173,3
Agusta Kristin Jonsdottir	148	182	155	136	192	173	986	164,3
Katrín Fjóla Bragadóttir	170	149	146	155	146	189	955	159,2
Margret Bjorg Jonsdottir	156	137	160	171	120	135	879	146,5



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Doubles

Name	G1	G2	G3	G4	G5	G6	Total	AVG
Agusta Kristin Jonsdottir	168	169	174	236	205	172	1124	187,3
Linda Hronn Magnusdottir	172	172	189	138	219	182	1072	178,7
Hafdis Pala Jonasdottir	165	174	177	188	158	171	1033	172,2
Margret Bjorg Jonsdottir	158	234	157	172	133	152	1006	167,7
Katrín Fjola Bragadottir	168	158	151	167	171	179	994	165,7
Nanna Holm Davidsdottir	158	172	140	148	213	153	984	164

Trios

Name	G1	G2	G3	G4	G5	G6	Total	AVG
Linda Hronn Magnusdottir	175	169	207	159	176	185	1071	178,5
Katrín Fjola Bragadottir	149	187	144	183	180	211	1054	175,7
Margret Bjorg Jonsdottir	253	130	189	163	164	149	1048	174,7
Agusta Kristin Jonsdottir	195	170	177	133	169	177	1021	170,2
Nanna Holm Davidsdottir	169	162	160	203	126	179	999	166,5
Hafdis Pala Jonasdottir	159	136	165	163	157	194	974	162,3

Team

Name	G1	G2	G3	G4	G5	G6	Total	AVG
Agusta Kristin Jonsdottir	141	162	258	146	169	204	1080	180
Linda Hronn Magnusdottir	198	173	220	152	142	189	1074	179
Katrín Fjola Bragadottir	180	192	164	167	173	162	1038	173
Hafdis Pala Jonasdottir	155	130	157	147	190	201	980	163,3
Margret Bjorg Jonsdottir	175	223	157	0	0	0	555	185
Nanna Holm Davidsdottir	137	152	125	0	0	0	414	138

All Event

#	Name	Singles	Doubles	Trios	Team	Total	AVG
83	Linda Hronn Magnusdottir	1040	1072	1071	1074	4257	177,4
85	Agusta Kristin Jonsdottir	986	1124	1021	1080	4211	175,5
87	Hafdis Pala Jonasdottir	1130	1033	974	980	4117	171,5
94	Nanna Holm Davidsdottir	1092	984	999	978	4053	168,9
96	Katrín Fjola Bragadottir	955	994	1054	1038	4041	168,4
102	Margret Bjorg Jonsdottir	879	1006	1048	967	3900	162,5



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

U30 – Multinations Air, Skotland dagana 07.08. – 12.08.2024

Keppendur Íslands voru.

Stúlkur:

Hafdís Pála Jónasdóttir

Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir

Katrín Fjóra Bragadóttir

Málfríður Freysdóttir

Piltar:

Daníel Ingi Gottskálksson

Hlynur Örn Ómarsson

Steindór Máni Björnsson

Ísak Birkir Sævarsson

Einstaklingskeppni:

Piltar keppendur 16

Steindór Máni Björnsson 5. sæti

Ísak Birkir Sævarsson 7. sæti

Hlynur Örn Ómarsson 9. sæti

Daníel Ingi Gottskálksson 14. sæti

Súlkur keppendur 14

Hafdís Pála Jónasdóttir 5. Sæti

Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir 6. Sæti

Katrín Fjóra Bragadóttir 11. Sæti

Málfríður Jóna Freysdóttir 14. Sæti

Tvímennigur

Piltar 8 pör

Steindór og Ísak 6. Sæti

Daníel og Hlynur 7. Sæti



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Stúlkur 7 pör

Guðbjörg og Hafdís 3. Sæti

Málfríður og Katrín 6. Sæti

Blandaður tvímenningur

Guðbjörg og Steindór 5. Sæti

Hafdís og Ísak 9. Sæti

Katrín og Hlynur 12. Sæti

Málfríður og Daníel 14. Sæti

Liðakeppni

Piltar 4 lið

Ísland 1. Sæti

Stúlkur 3 lið

Ísland 3. Sæti

Master

Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir varð í 6. Sæti í all event og lék því í master og endaði í 6. Sæti.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Evrópumót Öldunga ESBC var haldið í Hamborg, Þýskalandi dagana 13.07. – 20.07.2024

Alls var Ísland með 11 keppendur í mótinu

Einstaklingskeppni

Í A flokki Guðbjörg Lind Valdimarsdóttir 45 af 79 og Halldór Guðmundsson 124 af 128.

Í B flokki Linda Hrönn Magnúsdóttir 27 af 92 og Þórarinn Már Þorbjörnsson 114 af 214

Tvímenningsur

Í A flokki Guðbjörg og Sigríður 36 af 55 og Valdimar og Halldór 83 af 87

Í B flokki Linda og Guðný 20 af 37 og Þórarinn og Kristján 47 af 108

Í C flokki

Þrímenningur Bára, Helga og Telma 11 af 72 og Þórarinn, Kristján og Valdimar 114 af 155

Samanlagður árangur

Í A flokki Guðbjörg 56 af 79 og Halldór 126 af 128

Í B flokki Helga 19 af 93 og Þórarinn 76 af 214

Í C flokki

Í þessu móti tóku þátt 680 keppendur, 218 konur og 462 karlar



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

World Youth Championship (WYC) í Suður Kóreu, dagana 5. – 20. júlí 2024

Þar áttum við 4 keppendur (4 piltar) allst tóku þátt 140 piltar.

U21 lið Íslands

Aron Hafþórsson

Hinrik Óli Gunnarsson

Ísak Birkir Sævarsson

Mikael Aron Vilhelmsson

Einstaklings: 140 keppendur

13. Sæti Hinrik Óli Gunnarsson

14. Sæti Ísak Birkir Sævarsson

Tvímenningsur:

7. sæti Aron Hafþórsson og Mikael Aron Vilhelmsson

Lið

28. sæti Ísland

Triple Crown (YTC) í Dublin, Írlandi dagana 20. – 26. ágúst 2024

Þar áttum við 16 keppendur í U18 og U15. Alls vor 44 piltar og 38 stúlkur sem tóku þátt í mótinu.

U19

Piltar:

Mikael Aron Vilhelmsson

Tristan Máni Nínuson

Matthías Ernir Gylfason

Tómas Freyr Garðarsson

U19

Stúlkur:

Olivia Clara Linden

Nína Rut Magnúsdóttir

Hannah Corella Rosento

Viktoría Hrunn Þórisdóttir



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

U16

Piltar:

Evan Julburom

Þorgils Lárus Davíðsson

Svavar Steinn Guðjónsson

Viktor Snær Guðmundsson

U16

Stúlkur

Alexandra Erla Guðjónsdóttir

Bára Líf Gunnarsdóttir

Julía Sigrún Lindén

Særós Erla Jóhannudóttir

Leikið var í einstaklings, tvímennings, þrímennings, blönduðum tvímenning og liðakeppni.

Árangur okkar keppenda var eftirfarandi:

Einstaklingur piltar U19 alls voru 16 keppendur

2. Sæti Tristan Máni Nínuson með 1.236

5. Sæti Mikael Aron Vilhelmsson með 1.155

8. Sæti Tómas Freyr Garðarsson með 1.114

14. Sæti Matthías Ernir Gylfason með 984

Einstaklingur stúlkur U19 alls voru 16 keppendur

9. Sæti Viktoría Hrund Þórisdóttir með 980

12. Sæti Olivia Clara Linden með 903

15. Sæti Nína Rut Magnúsdóttir með 805

16. sæti Hannah Corella Rosento með 781

Einstaklingskeppni piltar U16 alls voru 19 keppendur

2. sæti Evan Julburom með 1.087

6. sæti Þorgils Lárus Davíðsson með 1.019

11. sæti Svavar Steinn Guðjónsson með 951

12. sæti Viktor Snær Guðmundsson með 940

Einstaklingur stúlkur U16 alls voru 19 keppendur

8. sæti Bára Líf Gunnarsdóttir með 927

11. sæti Alexandra Erla Guðjónsdóttir með 910

12. sæti Særós Erla Jóhannudóttir með 894

20. sæti Julía Linén með 774

Tvímenningskeppni piltar U16 alls 10 tvímenningar

1. Sæti Svavar Steinn og Viktor Snær með 1.084

2. Sæti Evan og Þorgils Lárus með 1.080



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Tvímenningskeppni stúlkur U16 alls 10 tvímenningar

- 6. sæti Alexandra Erla og Bára Líf með 847
- 8. sæti Særós Erla og Júlía Sigrún með 824

Tvímenningskeppni piltar U19 alls 8 tvímenningar

- 1. Sæti Mikael Aron og Tristan Máni með 1.140
- 5. Sæti Matthías Ernir og Tómas Freyr með 1.049

Tvímenningskeppni stúlkur U19 alls 8 tvímenningar

- 4. sæti Olivia Clara og Viktoría Hrund með 1.083
- 8. sæti Nína Rut og Hannah Corella með 689

Þrímenningur piltar U16 alls 5 þrímenningar

- 1. sæti Svavar, Evan og Viktor með 1.881

Þrímenningur súlkur U16 alls 5 þrímenningar

- 3. sæti Bára Líf, Særós Erla og Alexandra Erla með 1.387

Þrímenningur piltar U19 alls 6 þrímenningar

- 2. sæti Tómas, Tristan og Mikael með 1.670

Þrímenningur súlkur U19 alls 5 þrímenningar

- 3. Sæti Viktoría, Hannah og Olivia með 1.383

Blandaður tvímennigur U16

- 3. sæti Þorgils og Júlía með 927

Blandaður tvímennigur U19

- 3. sæti Mattóas Ernir og Nína Rut með 931



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Liðakeppni U16 súlkur alls voru 5 lið

3. sæti Ísland

Liðakeppni U19 stúlkur alls voru 4 lið

4. sæti Ísland

Liðakeppni U19 piltar alls voru 4 lið

3. sæti Ísland

Liðakeppni U16 piltar alls voru 5 lið

3. sæti Ísland

Samanlagt piltar U16

- 2. sæti Evan Julburom
- 7. sæti Svavar Steinn Guðjónsson
- 8. sæti Þorgils Lárus Davíðsson
- 11. sæti Viktor Snær Guðmundsson

Samanlagt stúlkur U16

- 8. sæti Bára Líf Gunnarsdóttir
- 10. sæti Alexandra Erla Guðjónsdóttir
- 12. sæti Særós Erla Jóhannudóttir
- 16. sætianía Lindén

Samanlagt piltar U19

- 2. sæti Mikael Aron Vilhelmsson
- 4. sæti Tristan Máni Nínuson
- 10. sæti Tómas Freyr Garðarsson
- 13. sæti Matthías Ernir Gylfason

Samanlagt stúlkur U19

- 6. sæti Olivia Clara Steinunn Lindén
- 11. sæti Viktoría Hrunn Þórisdóttir
- 15. sæti Nína Rut Magnúsdóttir
- 16. sæti Hannah Corella Rosento



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Master:

Þrír íslensku keppandanna Mikael Aron Vilhelmsson, Tristan Máni Nínuson og Evan Julburom keptu í Master:

Marster U19

1. Sæti Mikael Aron Vilhelmsson
2. Sæti Tristan Máni Nínuson

Master U16

2. Sæti Evan Julburom

Evrópumót einstaklinga ECC2024

Okkar keppendur að þessu sinni voru Gunnar Þór Ásgeirsson og Hafdís Pála Jónasdóttir.

Keppt var í einstaklings og blönduðum tvímenningi:

Í bönduðum tvímenning voru 34 tvímenningar:

28. Sæti Gunnar og Hafdís.

Einstaklings

Konur 36 keppendur

15. sæti Hafdís Pála Jónasdóttir

Karlar 36 keppendur

17. sæti Gunnar Þór Ásgeirsson



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Triple Crown Öldunga STC2025, Stroud, Englamdi dagana 27.03. – 31.03.2025

<https://triple-crown.bowling.scot/senior/results/>

Lið Íslands var þannig skipað:

Konur:

Bára Águstsdótti
Guðný Gunnarsdóttir
Halldóra Íris Ingvarsdóttir
Helga Sigurðardóttir
Linda Hrönn Magnúsdóttir
Sigríður Klemensdótti

Karlar:

Bjarki Sigurðsson
Freyr Bragason
Guðmundur Sigurðsson
Matthías Helgi Júlíusson
Sveinn Þrastarson
Þórarinn Már Þorbjörnsson

Einstaklingskeppni

Árangur var eftirfarandi, en alls tóku þátt 60 keppendur, 30 karlar og 30 kona.

Konur

2. sæti	Guðný Gunnarsdóttir
12. sæti	Sigríður Klemensdóttir
13. sæti	Helga Sigurðardóttir
16. sæti	Linda Hrönn Magnúsdóttir
22. sæti	Halldóra Íris Ingvarsdóttir
27. sæti	Bára Águstsdóttir

Karlar:

1. sæti	Freyr Bragason
24. sæti	Sveinn Þrastarson
25. sæti	Matthías Helgi Júlíusson
27. sæti	Bjarki Sigurðsson
28. sæti	Þórarinn Már Þorbjörnsson
29. sæti	Guðmundur Sigurðsson



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Tvímenningsur, þátt tóku 30 tvímenningsar, 15 kvenna og 15 karla.

Konur:

- 1. sæti Guðný og Linda
- 9. sæti Sigríður og Helga
- 12. sæti Bára og Halldóra

Karlar:

- 2. sæti Guðmundur og Freyr
- 13. sæti Sveinn og Matthías
- 14. sæti Bjarki og Þórarinn

Trío tóku þátt 20 lið, 10 karla og 10 kvenna.

Konur

- 3. sæti Guðný – Linda – Sigríður
- 8. sæti Bára – Halldóra – Helga

Karlar

- 7. sæti Freyr – Guðmundur – Bjarki
- 9. sæti Matthías – Sveinn – Þórarinn

Lið 10 lið tóku þátt 5 karlar og 5 konur

Konur

- 4. sæti

Karlar

- 2. sæti

Blandaður tvímenningsur (5 tvímenningsar)

- 4. sæti Guðný og Guðmundur



Samanlagður árangur keppenda

Konur:

3. sæti	Guðný Gunnarsdóttir
6. sæti	Linda Hrönn Magnúsdóttir
10. sæti	Helga Sigurðardóttir
13. sæti	Sigríður Klemensdóttir
21. sæti	Halldóra Íris Ingvarsdóttir
27. sæti	Bára Ágústsdóttir

Karlar:

7. sæti	Freyr Bragason
19. sæti	Guðmundur Sigurðsson
21. sæti	Bjarki Sigurðsson
26. sæti	Sveinn Þrastarson
27. sæti	Matthías Helgi Júlíusson
29. sæti	Þórarinn Már Þorbjörnsson

Evrópumót unglunga (EYC2025) í Samsun, Tyrklandi dagana 10. – 21. Apríl 2025

Þar áttum við átta keppendur. Alls vor 91 piltur og 47 stúlkur sem tóku þátt í mótinu.

Lið Íslands var þannig skipað:

Piltar:

Ásgeir Karl Gústafsson
Mikael Aron Vilhelmsson
Svavar Steinn Guðjónsson
Tristan Máni Nínuson

Stúlkur:

Alexandra Erla Guðjónsdóttir
Bára Líf Gunnarsdóttir
Hannah Corella Rosento
Særós Erla Jóhannudóttir



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Tvímenningsur:

Stúlkur: 21 tvímenningsur

19. sæti Alexandra og Bára

20. sæti Hannah og Særós

Piltar: 44 tvímenningsur

17. sæti Ásgeir og Mikael

24. sæti Tristan og Svavar

Liðakeppni

Stúlkur: 9 lið

8. sæti Bára Líf, Særós, Alexandra og Hannah

Piltar: 20 lið

16. sæti Ásgeir, Tristan, Svavar og Mikael

Einstaklings keppni

Piltar: 91 piltar tóku þátt

25. sæti Ásgeir Karl Gústafsson

36. sæti Tristan Máni Nínuson

40. sæti Mikael Aron Vilhelmsson

46. sæti Svavar Steinn Guðjónsson

Stúlkur: 47 stúlkur tóku þátt

34. sæti Alexandra Erla Guðjónsdóttir

38. sæti Bára Líf Gunnarsdóttir

41. sæti Særós Erla Jóhannudóttir

46. sæti Hannah Corella Rosento

Samanlagt:

Piltar: 91 piltar tóku þátt

24. sæti Mikael Aron Vilhelmsson

47. sæti Tristan Máni Nínuson

51. sæti Ásgeir Karl Gústafsson

64. sæti Svavar Steinn Guðjónsson



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Stúlkur: 47 stúlkur tóku þátt

36. sæti Bára Líf Gunnarsdóttir
37. sæti Alexandra Erla Guðjónsdóttir
42. sæti Særós Erla Jóhannudóttir
44. sæti Hannah Corella Rosento

Results for Iceland

Name	Gender	G1	G2	G3	G4	G5	G6	Total	AVG
Asgeir Karl Gustafsson	Boys	231	187	193	215	220	166	1212	202
Tristan Máni Nínuson	Boys	227	180	177	238	178	163	1163	193,8
Mikael Aron Vilhelmsson	Boys	169	215	187	162	220	203	1156	192,7
Svavar Steinn Guðjonsson	Boys	167	206	235	188	204	122	1122	187
Alexandra Erla Guðjónsdóttir	Girls	140	179	184	144	170	162	979	163,2
Bára Líf Gunnarsdóttir	Girls	167	169	143	141	175	165	960	160
Særós Erla Jóhannudóttir	Girls	179	191	141	140	138	124	913	152,2
Hannah Corella Rosento	Girls	126	128	158	122	109	141	784	130,7

Name	Gender	G1	G2	G3	G4	G5	G6	Total	AVG
Mikael Aron Vilhelmsson	Boys	234	215	267	227	183	191	1317	219,5
Tristan Máni Nínuson	Boys	203	149	204	219	170	187	1132	188,7
Svavar Steinn Guðjonsson	Boys	186	180	153	146	253	211	1129	188,2
Asgeir Karl Gustafsson	Boys	235	169	168	175	146	156	1049	174,8
Alexandra Erla Guðjónsdóttir	Girls	130	179	193	181	193	118	994	165,7
Bára Líf Gunnarsdóttir	Girls	136	182	149	165	173	145	950	158,3
Særós Erla Jóhannudóttir	Girls	136	154	171	135	135	195	926	154,3
Hannah Corella Rosento	Girls	123	163	160	175	137	131	889	148,2

Team

Name	Gender	G1	G2	G3	G4	G5	G6	Total	AVG
Mikael Aron Vilhelmsson	Boys	223	190	154	223	190	171	1151	191,8
Tristan Máni Nínuson	Boys	222	191	196	188	172	160	1129	188,2
Asgeir Karl Gustafsson	Boys	213	179	168	175	176	195	1106	184,3
Bára Líf Gunnarsdóttir	Girls	197	180	172	143	157	207	1056	176
Svavar Steinn Guðjonsson	Boys	168	174	179	173	159	149	1002	167
Alexandra Erla Guðjónsdóttir	Girls	152	153	154	215	166	153	993	165,5
Hannah Corella Rosento	Girls	196	159	170	152	145	116	938	156,3
Særós Erla Jóhannudóttir	Girls	138	145	146	142	198	146	915	152,5



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

All Event

#	Name	Gender	Doubles	Team	Singles	Total	AVG
36	Bára Líf Gunnarsdóttir	Girls	960	950	1056	2966	164,8
37	Alexandra Erla Gudjonsdottir	Girls	979	994	993	2966	164,8
42	Særós Erla Jóhannudóttir	Girls	913	926	915	2754	153
44	Hannah Corella Rosento	Girls	784	889	938	2611	145,1
24	Mikael Aron Vilhelmsson	Boys	1156	1317	1151	3624	201,3
47	Tristan Máni Nínuson	Boys	1163	1132	1129	3424	190,2
51	Asgeir Karl Gustafsson	Boys	1212	1049	1106	3367	187,1
64	Svavar Steinn Gudjonsson	Boys	1122	1129	1002	3253	180,7

KLÍ - Keilusamband Íslands



Ársreikningur 2024

Keilisamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Kt.: 460792-2159

Efnisyfirlit

Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Sundurliðanir	5

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við höfum skoðað ársreikning Keilusambands Íslands fyrir árið 2024 en hann hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og skýringar. Við skoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem taldar voru nauðsynlegar.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli við mat á fjárhagsstöðu félagsins koma þar fram.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sambandsins á árinu 2024 og efnahag þess 31. desember 2024.

Reykjavík, 30.04. 2025.

Einar Már Björnsson

Einar Már Björnsson

Andri Freyr Jónsson

Andri Freyr Jónsson

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Tekjur:			
Tekjur vegna móta	2	11.269.849	13.382.764
Tekjur vegna erlendra móta og afrekshópa	3	15.094.214	4.647.334
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1	3.845.902	4.031.707
Styrkur frá verkefnasjóði	1	150.000	0
Styrkur frá afrekssjóði ÍSÍ	1	14.275.333	11.050.000
Styrkur frá bæjarfélögum	1	0	50.000
Styrkur frá fyrirtækjum	1	1.003.397	735.769
Ríkisstyrkur	1	2.708.690	2.950.000
Lottótekjur		7.169.114	7.322.994
		<u>55.516.499</u>	<u>44.170.568</u>
Gjöld:			
Kostnaður vegna móta	2	10.681.778	9.901.291
Kostnaður vegna erlendra móta og afrekshópa	3	37.309.112	24.824.646
Útgáfa, útbreiðsla og kynningarstarf	4	232.719	224.648
Laun og launatengd gjöld	5	10.190.834	9.851.237
Skrifstofukostnaður	6	1.921.750	1.558.318
Annar rekstrarkostnaður	7	206.862	680.380
		<u>60.543.055</u>	<u>47.040.520</u>
Rekstrarafkoma		(5.026.556)	(2.869.952)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		1.114.861	1.582.554
Fjármagnstekjuskattur		(243.714)	(347.383)
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(156.685)	(80.060)
		<u>714.462</u>	<u>1.155.111</u>
Rekstrartap ársins		(4.312.094)	(1.714.841)

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir

	Skýr.	2024	2023
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur.....	8	384.000	252.500
Viðskiptakröfur - ÍSÍ og Ríkissjóður.....		3.690.652	2.625.109
Fyrirfram greiddur kostnaður.....		5.513.812	2.994.426
Handbært fé		19.020.053	25.250.094
Veltufjármunir		28.608.517	31.122.129
Eignir samtals		28.608.517	31.122.129

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:			
Stofnfé.....		100.000	100.000
Uppsafnaður hagnaður fyrri ára.....		29.064.670	30.779.511
Rekstrartap ársins.....		(4.312.094)	(1.714.841)
Eigið fé samtals		24.852.576	29.164.670
Skammtímaskuldir:			
Ógr. kostnaður		1.800.000	0
Viðskiptakort		229.457	350.172
Inneignir afreksfólk		1.426.199	1.315.283
Ógr. launatengd gjöld		300.285	292.004
		3.755.941	1.957.459
Skuldir samtals		3.755.941	1.957.459
Eigið fé og skuldir samtals		28.608.517	31.122.129

Sundurliðanir

	2024	2023
1. Framlög og styrkir		
Ríkisstyrkur	2.708.690	2.950.000
Útbreiðslustyrkur	3.845.902	4.031.707
Styrkur frá verkefnasjóði	150.000	0
Styrkur frá afrekssjóði	14.275.333	11.050.000
Styrkur frá bæjarfélögum	0	50.000
Styrkur frá fyrirtækjum	1.003.397	735.769
	<u>21.983.322</u>	<u>18.817.476</u>
2. Keppnishald og mót:		
Tekjur vegna móta		
Skráningargjöld liða	2.858.900	2.067.500
Tekjur af mótum	5.750.949	8.865.264
Tekjur af utandeild	2.320.000	2.320.000
Tekjur vegna námskeiða	176.000	0
Tekjur vegna sekta	5.000	0
Tekjur vegna liðaskipta	159.000	130.000
	<u>11.269.849</u>	<u>13.382.764</u>
Kostnaður vegna móta		
Brautarleiga	(6.692.718)	(7.362.491)
Kostnaður vegna utandeildar	(840.000)	(690.000)
Kostnaður vegna lokahófs	(347.673)	(172.127)
Verðlaun og gripir	(2.731.780)	(1.676.673)
Ahöld og búnaður	(69.607)	0
	<u>(10.681.778)</u>	<u>(9.901.291)</u>
	<u>588.071</u>	<u>3.481.473</u>
3. Erlend mót og afrekshópar:		
Tekjur vegna erlendra móta og afrekshópa		
Heimsmeistaramót unglinga	972.696	0
Evrópumót landsmeistara	622.619	0
Evrópumót unglinga	857.061	0
Evrópumót kvenna	1.426.259	0
Tekjur vegna Triple Crown	6.535.440	1.129.400
Tekjur vegna Boðsmót Qatar	709.632	0
Mót öldunga í Þýskalandi	1.844.926	0
Tekjur vegna æfingabúða	825.381	1.213.792
Tekjur vegna landsliða	1.300.200	2.304.142
	<u>15.094.214</u>	<u>4.647.334</u>
Kostnaður vegna erlendra móta og afrekshópa		
Heimsmeistaramót unglinga	(4.905.702)	0
Evrópumót karla	0	(3.486.323)
Evrópumót kvenna	(4.313.559)	0
Evrópumót öldunga	(1.844.926)	(2.150.681)
Evrópumót unglinga	(3.807.808)	(3.062.405)
Evrópubíkar einstaklinga	(1.571.685)	(1.604.684)
Boðsmót Qatar	(1.709.424)	(3.073.232)
Triple Crown	(10.585.850)	(5.733.692)
Kostnaður vegna afrekshópa	(2.593.502)	(2.576.884)
Fagteymiskostnaður	(100.297)	(75.600)
Hæfileikamótun unglinga	(2.355.101)	0
Námskeið og menntun þjálfara	(309.824)	(562.970)
Kostnaður vegna keppenda	(1.674.251)	(857.350)
Kostnaður vegna búninga	(805.198)	(780.653)
Íþróttahöld	(13.796)	0
Annar mótakostnaður	(718.189)	(860.172)
	<u>(37.309.112)</u>	<u>(24.824.646)</u>
	<u>22.214.898</u>	<u>20.177.312</u>

Sundurliðanir

	2024	2023
4. Útgáfa, útbreiðsla og kynningarstarf		
Kostnaður vegna sjónvarps	150.000	159.560
Auglýsingar	82.719	65.088
	<u>232.719</u>	<u>224.648</u>
5. Laun og launatengd gjöld		
Laun	7.920.690	7.654.440
Ökutækjastyrkur	262.500	256.200
Tryggingargjald	587.535	567.947
Lífeyrissjóðsframlag	1.069.292	1.033.341
Sjóðagjöld	130.691	126.307
Eldsneyti	195.126	193.002
Starfsmannakostnaður	25.000	20.000
	<u>10.190.834</u>	<u>9.851.237</u>
6. Skrifstofukostnaður		
Húsaleiga	626.532	569.652
Sími	52.893	51.921
Bókhaldskostnaður	865.188	727.900
Funda- og þingkostnaður	216.714	67.074
Pappír, prentun og ritföng	48.608	109.591
Rekstur tölvukerfis	111.815	32.180
	<u>1.921.750</u>	<u>1.558.318</u>
7. Annar kostnaður		
Félagsgjöld	206.862	211.148
Erlendir fundir	0	469.232
	<u>206.862</u>	<u>680.380</u>
8. Önnheimtar tekjur		
Keiludeild KR	0	67.500
Keiludeild Þórs	(38.500)	0
Utandeild	80.000	185.000
Aðrar útistandandi kröfur	342.500	0
	<u>384.000</u>	<u>252.500</u>